




Að skilja foreldra barna með fötlun



Uppeldi barna sem glíma við heilsufarsvandamál eða þroskafrávik er krefjandi. Uppeldið sjálft er ekki öðruvísi, en það sem er öðruvísi er fyrst og fremst magn streitu og nýjar óvæntar skyldur, sem og styrkur áhyggja, ótta og óvissu.



Nancy Miller (1994) telur að foreldrar barns með þroskahömlun gangi í gegnum mismunandi stig aðlögunar að breyttum aðstæðum í lífinu. Samkvæmt athugunum hennar og margra ára reynslu af starfi með foreldrum er hægt að skipta aðlöguninni í fjögur stig.





1. Að
komast
af

3.
Að koma til móts við

2. Að leita

4.
Aðskilnaður



Þegar foreldrar átta sig á því að miklar líkur er á þroskafrávikum hjá barni þeirra byrjar fyrsta stigið - **að lifa af**. Því stigi fylgir þung vanmáttarkennd og foreldrar upplifa að þeir hafi missit alla stjórn á eigin lífi, þó allir foreldrar fer vissulega í gegnum þetta stig á sinn hátt eiga þau þetta sameiginlegt.





Til að foreldrar geti unnið sig úr fyrsta áfallinu eins auðveldlega og fljótlega og hægt er, þarf að aðstoða þá við að finna sér stuðningsnet, sem oftast er byggt upp af stórfjölskyldunni og samtökum foreldra.

Mikilvægustu upplýsingarnar sem foreldrar þurfa að fá á þessu stigi eru þær að þeim sé skylt að hugsa vel um sig sjálf. Foreldrar hafa að jafnaði tilhneigingu til að vanrækja sjálf sig og eigin þarfir því þau setja þarfir barnsins ofar öllu öðru.





Leitinni er skipt í tvo flokka, ytri leit og innri leit.

Ytri leit snýr að leit að réttri greiningu og hvaða mögulega aðstoð er hægt að fá. Innri leitin einkennist af spurningum eins og:

"Hvað þýðir þetta fyrir líf mitt, sambönd mín við aðra og hin börnin mín?" Á þessu stigi verða foreldrar mjög virkir í að leita sér hjálpar. Séu þeir skildir eftir án stuðnings getur tímabilið dregist á langinn og því verið mjög þreytandi, bæði fjárhagslega og andlega.



Næsta stig snýr að því að koma til móts við. Dregið hefur úr leit að ýmiss konar aðstoð, fjölskyldulífið hefur fundið sinn takt og barnið er yfirleitt byrjað í leikskóla. Foreldrar gerir sér grein fyrir að þau hafa öðlast nýja færni og nýja innsýn, og að þau skilja margt á nýjan hátt. Þau finna því fyrir meira sjálfssöryggi, eru ákveðnari og þekkja leiðir til að leysa vandamál á einfaldan hátt. Einnig þekkja foreldrar nú fólk og stofnanir sem þau geta leitað til.



Síðasta stigið er kallað aðskilnaður.
Meðal barna með þroskahamlanir er þetta ferli
nokkuð hægt. Foreldrar nýta sér sérstök úrræði til að
styðja börn sín til sjálfstæðis.



Í starfi með foreldrum barna með fatlanir ættu kennarar í ECEC að þekkja þessi stig til að vita hvernig á að bregðast við þörfum foreldra á réttan hátt. Kennarar hitta foreldra oftast á fyrsta og öðru stigi og ættu að taka tillit til erfiðra tilfinninga og aðstæðna sem þau búa við.

